

Vátryggingarskilmálar

- 1. Samningurinn:** Grundvöllur samningsins er skirteini þetta, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu, skriflegar upplýsingar og svör við spurningum læknis félagsins. Ef rangar upplýsingar hafa verið gefnar eða leynt hefur verið upplýsingum, sem kynni að hafa breytt áhættumati félagsins fer um ábyrgð félagsins eftir ákvæðum laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.
- 2. Gildistaka:** Ef ekki er um annað samið hefst ábyrgð félagsins þegar félagið hefur móttengið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð liggja fyrir þannig að unnt sé að gefa út skirteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu.
- 3. Iðgjaldagreiðslur:** Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Síðari iðgjöld sem eru greidd innan mánaðar frá gjalddaga teljast greidd á réttum tíma. Verði fyrsta iðgjald eigi greitt á gjalddaga eða síðari iðgjöld innan mánaðar frá gjalddaga fellur ábyrgð félagsins niður, enda hafi iðgjalds verið krafist.
- 4. Bótageiðslur:** Tryggingarupphæðin greiðist innan mánaðar frá því, að skrifstofu félagsins í Reykjavík berast í hendur fullnægjandi sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins, þar með talið líftryggingarskirteinið og dánarvottorð.
- 5. Takmörkun á ábyrgð félagsins:** Samningurinn fellur úr gildi ef líftryggður sviptir sig lífi innan eins árs frá útgáfudegi skirteinisins.
- 6. Trygging samkvæmt skirteini þessu er vísitölu-bundin og skal vísitala framfærslukostnaðar, sem er í gildi á útgáfudegi líftryggingarskirteinis skráð á skirteinið sem grunnvísitala þess. Ennfremur breytist tryggingarupphæðin innan hvers tryggingarárs ársfjórðungslega. Tryggingarupphæð hvers ársfjórðungs finnst með því að margfalda tryggingarupphæð með hlutfalli milli vísitölu framfærslukostnaðar í byrjun ársfjórðungs og vísitölu í upphafi tryggingarárs. Tryggingarupphæðin verður þó aldrei lægri en í upphafi tryggingarárs. Sé vísitala framfærslukostnaðar í upphafi tryggingarárs lægri en grunnvísitala skal iðgjald þess tryggingarárs vera grunniðgjaldið. Tryggingarupphæð skal hækka eða lækka að næsta heila þúsund. Verði grundvelli framfærslukostnaðar breytt, skulu grunnvísitölur umreiknaðar eftir fyrir mælum Hagstofu Íslands.**
- 7. Trygging samkvæmt skirteini þessu heldur verðgildi sínu að viðbætti þeirri hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem orðið hefur frá grunnvísitölu þess. En til að mæta auknum dánarlíkum með hækkanandi aldri þess sem tryggður er, hækka iðgjöld eftir hver 10 ár í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins.**
- 8. Hlutdeild í hagnaði:** Vátryggingartaki hefur rétt til hlutdeildar í hagnaði (bónus) eftir reglum félagsins sem samþykktar skulu af Tryggingaeftirlitinu.
- 9. Tryggingin endurnýjast ekki eftir að hinn tryggði hefur náð 70 ára aldri.**